

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1103 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun staðbundinna rýmishitara og aðskilins tilheyrandi stýribúnaðar og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1188.

1. gr.

Eftirtalin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 6zc í kafla IV í II. viðauka og lið 26zd í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2025 frá 5. desember 2025, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. kafla II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1103 frá 18. apríl 2024 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun staðbundinna rýmishitara og aðskilins tilheyrandi stýribúnaðar og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1188.

2. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2025 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 16. apríl 2026.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1103 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 12. febrúar 2026, bls. 389-431.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 16. gr. laga nr. 42/2009, um vishönnun vöru sem tengist orkunotkun, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott reglugerð 615/2016 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1188 frá 28. apríl 2015, um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun staðbundinna rýmishitara.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 15. maí 2026.

F. h. r.

Stefán Guðmundsson.

Jón Ásgeirsson.